



Þing Fimleikasambands Íslands Haldið í Laugardalshöll, Engjavegi 8, 104 Reykjavík, 4. september 2021

1 Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.

1.1 Þingsetning

Formaður Fimleikasambands Íslands, Arnar Ólafsson, bauð alla fundarmenn velkomna til fimleikaþings 2021.

- Minnist Ástbjargar Gunnarsdóttur

2 Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.

2.1 Kjör fundarstjóra og fundarritara

Arnar Ólafsson leggur til að Sigurbjörg Fjölнисdóttir verði þingforseti, Eir Andradóttir og Fanney Magnúsdóttir þingritarar.

2.2 Staðfest lögmæti fundarins

Þingforseti þakkar traustið fyrir sína hönd og fundarritara og býður fundarmenn velkomna. Staðfestir að þingið sé lögmætt og boðað hafi verið til þess með löglegum hætti með tveimur fundarboðum og á réttum tíma. Nefndarstörfum verður frestað til loka nóvember. [Það fór svo þannig að covid leyfði okkur ekki að halda þingstörfum áfram í nóvember og var tillögum þingsins því frestað til Fimleikaþings 2022].

Engar athugasemdir gerðar varðandi fundarboðið og þingið því lýst lögmætt.

Þingforseti:

Afbrigði: Þrátt fyrir ákvæði um fjölda hvers félags, þá eru 1-3 fulltrúar mættir hér í dag og fer einn þeirra með atkvæðamagn hvers félags. Óskað er eftir því að allir þeir sem eru með fulltrúaatkvæði greiði atkvæði um hvort þeir séu samþykkir útfærslunni.

Samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

Samkvæmt lögum á að halda fimleikaþing í lok júní, bið þingfulltrúa um að samþykkja þau afbrigði að við höldum þing í september en ekki í júní vegna Covid ástands í landinu.

Samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

2.3 Kosning kjörbréfanefndar - athugað kjörgengi fundarmanna

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir: Olga Bjarnadóttir, Sigríður Harðardóttir og Dóra Sigurjónsdóttir. Þær fara afsíðis í stutta stund og meta kjörbréf þeirra sem mættir eru á þingið.



3 Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.

Í lögum sambandsins er gert ráð fyrir því að einungis þau félög hafi kosningarrétt sem eru skuldlaus, miðað við 31. desember árið á undan. Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 12 fimleikadeilum/félögum

4 Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.

4.1 Skýrsla stjórnar

Arnar Ólafsson, formaður, fól Sólveigu Jónsdóttur framkvæmdastjóra að fara yfir skýrslu stjórnar og gera þannig grein fyrir störfum Fimleikasambandsins síðastliðið ár. Hann vísar þar í framlagða ársskýrslu FSÍ, sem aðgengileg er á heimasíðu sambandsins.

Arnar þakkar stjórn og starfsfólki fyrir gott samstarf síðast liðin 7 ár.

Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, kynnir stjórnina en ásamt Arnari Ólafssyni formanni sátu í stjórn; Kristinn Arason, varaformaður, Hulda Árnadóttir, ritari, Þór Ólafsson, gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir, Harpa Þorlákssdóttir og Marta Sigurjónsdóttir, í varastjórn sat Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir og Guðbjörg Snorradóttir. Sólveig þakkar þeim fyrir gott samstarf á starfsárinu. Einnig þakkar hún starfsfólki skrifstofu.

Sólveig fer yfir helstu verkefni sambandsins á árinu, stefnumótunarvinnu, fimleikahreyfinguna í Covid, verkefnið Gerum þetta saman, Fimleikahringurinn og vöxturinn í fimleikum á árinu, ný hús og nýtt félag.

Til þess að lágmarka ferð fólks um salinn og gæta ítrustu varkárni í sóttvörnum var ákveðið að bregða út af þeim vana að formenn fagnennda komi upp og kynni sinn hluta í skýrslu stjórnar. Sólveig fór því yfir þeirra hluta.

Skýrslur nefnda er að finna á heimasíðunni, en úrdrátt úr þeim er einnig að finna í skýrslu stjórnar, sama á við um skýrslur landsliðsþjálfara bæði í áhaldafimleikum og hóp fimleikum.

4.2 Tækninefnd kvenna

Auður Ólafsdóttir, formaður tækninefndar í áhaldafimleikum

Aðrir nefndarmenn: Eir Andradóttir, Hildur Ketilsdóttir, Ragna Þyrí Ragnarsdóttir og Sandra Matthíasdóttir.

4.3 Tækninefnd karla

Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla

Aðrir nefndarmenn: Anton Þórólfsson, Daði Snær Pálsson, Eva Hrund Gunnarsdóttir og Hróbjartur Pálmar Hilmarsson.

4.4 Tækninefnd í hóp fimleikum

Ragnar Magnús Þorsteinsson, formaður tækninefndar í hóp fimleikum

Aðrir nefndarmenn: Aníta Tryggvadóttir, Björk Guðmundsdóttir, Tanja Birgisdóttir og Una Brá Jónsdóttir.

4.5 Fræðslunefnd

Fanney Magnúsdóttir, formaður fræðslunefndar

Aðrir nefndarmenn: Andrea Dan Árnadóttir, Katrín Pétursdóttir og Kristinn Þór Guðlaugsson.

4.6 Nefnd um fimleika fyrir alla

Rakel Másdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla.

Aðrir nefndarmenn: Anna Hulda Ingadóttir, Erla Ormarsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Jórunn Dóra Sigurjónsdóttir og Rósa Johansen.

4.7 Skýrsla landsliðsþjálfara – áhaldafimleikar og hóp fimleikar

Sólveig vísar í skýrslu stjórnar þar sem finna má skýrslu landsliðsþjálfara.

Yfirþjálfarar landsliða hóp fimleika: Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir og Björn Björnsson. Með þeim vinna þrettán landsliðsþjálfarar með fjögur lið.

Landsliðsþjálfarar áhalda fimleika: Hildur Ketilsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir og Róbert Kristmannsson.

5 Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.

5.1 Reikningar sambandsins lagðir fram (með áliti skoðunarmanna)

Eva Hrund Gunnarsdóttir, fjármálastjóri, fór yfir reikninga sambandsins.

Kæru þingforseti þinggestir, og stjórn. Eva Hrund Gunnarsdóttir heiti ég og er fjármálastjóri Fimleikasambandsins.

Mig langar að byrja að þakka stjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið og aðstoðina við gerð ársreiknings og fjárhagsáætlunnar.



Mig langar að benda ykkur á að þar sem um er að ræða pappírslaut þing að þið getið skoðað ársreikning, fjárhagsáætlun og greinargerðar með þeim inn á heimasíðu Fimleikasambandsins undir „Þinggögnum“. Í fyrra byrjuðum við á því að gera greinargerð bæði með ársreikning og fjárhagsáætlun og þar sem það lukkaðist vel þá höldum við því áfram. Með því móti fáið þið betri innsýn inn í einstaka liði.

Í ár ákváðum við að gera reikninga samstæðu fyrir árið 2020 á þann hátt að ársreikningi Fimleikasambandsins (hér eftir FSÍ) og ársreikningi fyrirtækis í eigu FSÍ, Fimleika Events ehf., er steypt saman í ársreikninga samstæðu. Þessar breytingar voru gerðar til að auka gagnsæi fjárhags FSÍ enn frekar.

Rekstrarreikningur

Covid og samkomutakmarkanir gerðu það að verkum að bæði tekjur og gjöld voru mun lægri en árið 2019. Endurskoðuð áætlun sem lögð var fram á þingi er einnig hærri en raun tölur þar sem áætlað var að starfsemi myndi fara í gang aftur á haustönn.

Rekstrarafgangur ársins eru rúmar 20 milljónir, þrátt fyrir tap af rekstri fyrirtækisins um tæpar 11 milljónir. Rekstrarafgang er hægt að rekja til þess að ekki var farið í þau erlendu verkefni sem áætlað var að fara í, líkt og EM í hóp fimleikum ásamt ýmsum öðrum mótum í áhaldafimleikum. Því verður þessi rekstrarafgangur eyrnamerkur erlendum verkefnum næstu tveggja ára.

Ég mun fara yfir einstaka liði rekstrarreiknings á næstu glærum.

Styrkir og framlög FSÍ eru rúmunum 5 milljónum hærri en ári áður en þó rúmunum 3 milljónum lægri en áætlað var.

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ var bæði 1 milljón hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem og raun ársins 2019.

Styrkur frá Afrekssjóði var rúmlega 1,5 milljón hærri en ári áður en þó rúmunum 6 milljónum lægri en áætlun gerði ráð fyrir, þar sem verkefni á afrekssviði voru mun færri en áætlað var. Vegna þessa skilaði FSÍ til

baka rúmunum 6 milljónum í Afrekssjóð sem skýrir misræmi á milli fjárhagsáætlunar og raunverulegrar stöðu.

Lottó tekjur voru rúmunum 2 milljónum hærri en ári áður sem og rúmunum 3 milljónum hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Ástæðuna fyrir þessu er aukaúthlutun Lottó vegna Covid.

Gert var ráð fyrir 7 milljóna króna styrk frá samstarfsaðilum en líkt og með Afrekssjóð þá voru verkefnin fá sem gerði það að verkum að við vorum 3,5 milljón undir áætlun.

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um tæpar 3 milljónir á mili ára og eru um 2,5 milljón yfir áætlun, þessi mismunur er vegna hækkunar taxta í kjarasamningum í byrjun árs og fjölgunar starfsgilda.

Mínus upphæð í samstarfsaðilar er kreditreikningur vegna ranglega bókaðs reiknings árið 2017.



Mínus upphæð í ferðakostnaði, að upphæð 5,8 milljónir, er endurgreiðsla (kreditreikningur) hótelskostnaðar á Golden Age. FSÍ bókaði og greiddi þessa upphæð árið 2019 en hátíðin féll svo niður vegna Covid.

Annar kostnaður er útlagður kostnaður sem innheimtur var í öðrum tekjum ásamt bankakostnaði og seðilgjöldum.

Aðrir liðir eru líkt og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða undir henni og teljast því eðlilegir.

Hér sjáum við skýringar númer 2 og 7 en það eru skýringar á tekju- og gjaldaliðum innlendra móta og sýninga.

Einungis fimm FSÍ mót voru haldin á árinu 2020 sem gerir það að verkum að við erum talsvert undir áætlun og raun 2019.

Þegar endurskoðuð áætlun var sett fram á þingi 2020 var áætlað að þeim mótum sem var frestað á vorönn yrðu haldin á haustönn 2020 sem ekki varð úr.

Aðrar tekjur að upphæð 2,9 milljónir er styrkur frá Ríkinu vegna niðurfellingu mótahalds.

Gjöldin eru þó hlutfallslega hærri en tekjurnar sem skýrist af því að búið var að greiða kostnað fyrir mót sem ekki voru haldin sem og að það sat eftir óbókaður dómarakostnaður og mótauppgjör sem búið var að greiða fyrir. Annar mótakostnaður, að undanskildum gjöldum vegna mótakerfis, er vegna þess að keypt var ný taska undir mótagögnin og nýir bannerar.

Eins og þið sjáið hér þá eru tekjur vegna innlendra móta og sýninga tæp 11 og hálf milljón og ef skipting launakostnaðar er tekin inn í myndina eru gjöldin tæpar 18 milljónir sem segir okkur það að það er tap á þessu sviði um 6 og hálfa milljón.

Hér sjáum við skýringar númer 3 og 8 en það eru skýringar á tekju- og gjaldaliðum erlendra móta og sýninga.

Einu tekjurnar á árinu voru í formi framlags aðildarfélaga sem er styrkur á móti húsaleigu. Sú húsaleiga er vegna landsliðsæfinga á árinu 2020.

Ástæðan fyrir mínus tölu í liðnum Fimleikar fyrir alla er vegna endurgreiðslu staðfestingagjalds Golden Age 2020 og vegna ranglega bókaðs reiknings vegna Eurogym 2018 (kreditreikningar).

Einungis var farið í eitt erlent verkefni en kostnaður þeirrar ferðar var hærri en í venjulegu árferði vegna sóttvarnaaðgerða.

Þó það hafi einungis verið farið í eitt verkefni þá var engu að síður búið að kaupa ýmis flugfargjöld sem við eigum nú inni hjá Ícelandair.

Laun landsliðspjálfa eru lægri en áætlað var þar sem að EM í hóp fimleikum frestaðist um eitt ár.



Bætt var við nýjum lið „hæfileikamótun“ til að auðvelda Afrekssjóði lestur ársreiknings, sem útskýrir 0 kr. í áætlun og raun 2019. Áður var hæfileikamótun inn í öðrum liðum.

Eins og sjá má eru tekjur á þessu sviði rúm 17 og half milljón og ef tekið er inn í reikningin skiptingu launakostnaðar eru gjöldin rúm 61 milljón. Tap af þessu sviði er því 43 og half milljón.

Hér sjáum við skýringar númer 4 og 9 en það eru skýringar á tekju- og gjaldaliðum námskeia og fræðsluefnis.

Haldin voru færri námskeið en áætlað var frá árinu áður sökum samkomutakmarkanna sem skýrir mun á milli ára sem og milli áætlunar og raun í bæði tekju- og gjaldaliðum.

Eins og sjá má eru tekjur á þessu sviði rúmar 8,6 milljónir og gjöldin, ef tekin er skipting launa, tæpar 13,2 milljónir. Tap á þessu sviði eru því 4,6 milljónir.

Hér sjáum við tekjur vegna leyfiskerfis og hvernig þær skiptast á milli leyfistegunda.

Ástæðan fyrir lækkun tekna á milli ára má rekja til brottfalls iðkenda á haustönn 2020 þar sem að faraldurinn setti strik í reikninginn fyrir marga.

Gjöld vegna leyfiskerfis, sem þið sjáið í rekstrarreikningnum, upp á rúmar 3 milljónir er styrkur til félaganna vegna koparleyfa en FSÍ endurgreiddi koparleyfi barna sem fædd eru 2016 – 2019 þar sem þau fengu lítið sem ekkert að koma í salinn hjá félögunum. FSÍ nýtti aukaframlag Lottó vegna Covid til þessara aðgerða.

Aðrar tekjur eru félagaskipti, tekjur sem við innheimtum fyrir útlagann kostnað og tekjur erlendis frá vegna norræns framkvæmdastjórafundar sem haldin var á Íslandi.

Líkt og áður kom fram var ákveðið að steypa saman ársreikningum FSÍ og Fimleika Events ehf. til þess að sýna raunverulega fjárhagsstöðu FSÍ. Tekjur fyrirtækisins liggja í styrk frá Ríkinu þar sem að Eurogym2020

féll niður og gjöldin eru ýmist vegna launakostnaðar, hugbúnaðarkostnaðar, endurgreidds ferðakostnaðar og staðfestingargjalds.

Afskriftir ársins námu tæpri 1,4 milljón. Stjórn tók ákvörðun um að halda áfram vinnunni að afskrifa gamlar skuldir afrekssólks sem og þær skuldir sem eru töluvert gamlar og ekki talið að hægt sé að innheimta. Afskriftir afrekssólks námu rúmum 550 þúsundum, afskriftir fyrirtækja námu rúmum 400 þúsundum. Einnig var afskrifað á fimleikafélög sem ekki eru starfandi í dag um rúmar 200 þúsund og að lokum var leiðrétt staða tveggja fimleikafélaga, eftir að bankafærslur og bókanir fyrir árið 2017 voru skoðaðar, um rúmar 250 þúsund.

Vaxtatekjur FSÍ voru samtals 66.369 kr. og vaxtakostnaður alls 51.211 kr. Gengismunur var þó jákvæður að upphæð 1.673.414 kr. Hins vegar voru vaxtatekjur fyrirtækisins 98 kr. en kostnaður rúm 1,5 milljón. Þessi liður felur í sér leiðréttingar á ársreikningum fyrirtækisins frá árinu 2015 þar sem ekki var bókaður ýmis bankakostnaður o.fl. frá því ári. Staða fyrirtækisins við viðskiptamenn og lánadrottna er því orðin rétt í dag.



Efnahagsreikningur

Viðskiptakröfur hafa lækkað um rúma 21 milljón milli ára sem skýrist að því að gengið hefur vel að innheimta gamlar skuldir sem og að ákveðið var að taka fyrirtækið út fyrir viðskiptakröfurnar. Skuld fyrirtækisins við Fimleikasambandið er í dag eru rúmar 14,6 milljónir.

Skuld aðildarfélaganna við FSÍ hefur lækkað um rúmar 8,5 milljónir á milli ára sem er fagnaðarefni. Ástæðan fyrir því að staðan er ekki lægri er vegna tvískiptingar leyfisgjalda þar sem annar gjalddaginn er rétt eftir áramót og hinn eftir áramót, þessu munum við breyta á þessu ári líkt og kemur fram í greinargerð fjárhagsáætlunar. Nánast ekkert félag er í skuld við FSÍ í dag.

Eins og þið sjáið þá var inneign á kreditkorti rúmar 300 þúsund en er í null stöðu í dag. Í gegnum árin hefur þessi staða á greiðslukorti verið í ársreikningum FSÍ. Þetta var loksins lagfært í ársreikningi ársins en um er að ræða gamlar bókhaldsvillur sem eru eldri en 5 ára.

Eðlilegt er að Afrekssjóður sé ekki full innheimtur í lok ársins 2020 þar sem að lokagreiðsla er greidd í upphafi árs 2021.

Ástæðan fyrir því að handbært fé hefur aukist um tæpar 39 milljónir á milli ára er vegna þess að gengið hefur vel að innheimta gamlar skuldir síðustu tvö árin og einnig vegna þess að rekstrarafgangur var á árinu. Líkt og áður kom fram verður rekstrarafgangur ársins eyrnamerkur erlendum verkefnum næstu tveggja ára.

Eignir FSÍ eru því tæpar 85,3 milljónir í lok árs 2020.

Viðskiptaskuldir hafa lækkað gríðarlega á milli ára eða um tæpar 9,5 milljónir. Í dag er skuldin rúmar 5 milljónir sem er vegna þess að reikningar sem bókaðir eru í lok árs og greiddir í byrjun árs 2021.

Ógreiddur kostnaður er hagnaður sem settur var til hliðar fyrir uppbyggingu á fræðslukerfi. Í ársreikningi 2021 má búast við að lækkun verði á þessari upphæð þar sem að innleiðing á nýju fræðslukerfi hefur hafist.

Í raun hefur ekki verið nein raunveruleg hækkun á ógreiddum launatengdum gjöldum.

Skuld á greiðslukortum er vegna ógreidds VISA kostnaðar í lok ársins sem greiddur var í upphafi árs 2021.

Sjóðstreymi

Í raun má segja að hagnaður ársins 2020 sé leiðréttur með afskriftum ársins 2020 þannig að veltufé frá rekstri eykst um tæpa 1,4 milljónir.

Sökum þess að skammtímakröfur lækkuðu töluvert á árinu þá urðu jákvæðar breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum um tæpar 18,5 milljónir, því er handbært fé frá rekstri í lok ársins um rúmar 40,1 milljón króna.

Ef frá eru dregnar leiðréttingar viðskiptamanna á árinu um tæpa 1,4 milljón þá er jákvæð breyting á handbæru fé á árinu um rúmar 38,7 milljónir króna.



Handbært fé í upphafi árs 2020 voru tæpar 22 milljónir sem þýðir að samfara jákvæðri breytingu handbærs fjár á árinu er handbært fé í árslok tæpar 60,7 milljónir króna líkt og fram kemur í efnahagsreikningi.

6. Umræða um skýrslu stjórnar, skýrslur nefnda og ársreikninga

Enginn kveður sér hljóðs og umræðum því lokið.

Þingforseti kynnir Helgu Svönu fræðslustjóra sambandsins sem kynnir nýtt fræðslukerfi. Undirbúningsvinna hefur verið í gangi með fræðslunefnd og hópi góðs fólks sem unnið hefur námsefnið. Áætlað er að kerfið verði tekið í notkun nú í september.

Samráðsráðgjafi íþróttahreyfingarinnar

Þingforseti kynnir Sigurbjörgu Sigurpálsdóttur samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs. Markmið að allir eiga að geta leitað réttar síns án afleiðinga – einelti, ofbeldi, áreitni, ósæmileg háttvísi. Vinna í samvinnu við samtök og félög að þessu markmiði. Vinnuhópur er að vinna að viðbragðsáætlun innan íþrótt- og æskulýðsvettvangsins. Einnig gerð forvarnar og fræðsluefnis.

Guðjón Gróttu: glöð með þennan vettvang, hefur nýst félaginu vel. Spyr um markmið: þín skoðun á hvað íþróttafélögin geti gert betur foreldra og aðra til að mennta iðkendur betur? Hvað getur félagið gert til að styrkja iðkendur sem fyrirmyndir

Svar Sigurbjargar: Mikilvægt að félög tali opinskátt um hvernig samfélag við viljum vera hluti af. Gildi. Afhverju höfum við gildin? Hvernig notum við gildin til að endurspegla starfið. Hjálpa starfsfólkinu að vita hvernig nota má gildin í starfinu og koma því til iðkendanna. Tala opinskátt um hvernig við viljum vera og hvernig við getum sýnt það í verki.

Sigrún frá Akranesi: segir frá sinni reynslu af uppsetningu akademíu – lögðu áherslu á hegðun utan vallar sem innan. Íþróttamennskan á ekki að vera bara á vellinum heldur líka utan hans.

Svar Sigurbjargar: Hefur heyrt af félögum setja í ráðningarsamninga/samninga að gerist leikmaður vís að því að brjóta siða eða hegðunarreglur verði afleiðingar.

ÍSí

Þingforseti kynnir Hafstein Pálsson, stjórnarmann ÍSí, sem heldur stutta tölu og veitir Arnari gullmerki ÍSí fyrir gott starf fyrir sambandið.

7 Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði.

7.1 Formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir fjölda þingfulltrúa

Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 12 fimleikadeildum/félögum. En samkvæmt lögum FSÍ eiga 22 fimleikadeildir/félög rétt til að senda inn kjörbréf með samtals 137 fulltrúum. 104 voru á kjörbréfalistum.



Breyting á fjölda þingfulltrúa í ár vegna sóttvarnarreglna og aðstæðna í samfélaginu okkar. Formaður kjörbréfanefndar, Sigríður Harðardóttir, fer yfir kjörbréfin. Þingfulltrúar voru mættir frá eftirtöldum félögum:

Afturelding – 7	Fjölfnir – 10	Fylkir – 6
Akranes – 8	Gerpla – 20	Selfoss – 7
Ármann – 9	Gróttu – 10	Stjarnan – 10
Björk – 7	Hamar – 5	Akureyri – 5

Samþykkt að þeir sem eru á staðnum viti hverjir eru með atkvæðisrétt og treysti hver öðrum. Kjörbréf afgreidd. Einn fulltrúi frá hverju félagi sem fer með öll atkvæði félagsins.

Hlé

Vinnuhópur um afreksmál

Þingforseti kynnir Bergþóru Kristínu Ingvarsdóttur sem kynnir störf vinnuhóps um afreksmál. Hópurinn aflaði upplýsing um æfingaralag, snemmtæka sérhæfingu og brottfall úr fimleikum. Hópurinn hefur safnað saman upplýsingum og Bergþóra setti saman í skýrslu.

Hörður frá Björk: Haldiði að ef þessi hópur sem er að falla út haldist inni þá náist betri árangur?

Bergþóra: Það er von um það að það komi fjölbreyttari hópur upp í eldri flokka og þannig aukist erfiðleikinn og breiddin.

Bergþóra: talað um að konur myndu toppa 18 ára ef þær byrja sérhæfingu 12 ára. sp. um að seinka sérhæfingu. Þarf að rannsaka betur. Karlar toppa 20 ára ef þeir hefja sérhæfingu 12 ára. Í skýrslunni verða allar heimildir.

Ingibjörg Stjarnan: er verið að sérhæfa og meirir tími eða getuskipting eða fleiri tímar á þá sem betri eru?

Bergþóra: Fá hóparnir sömu athygli? Rannsóknir sýna að B liðin fá ekki eins verkefni og fá afgangstíma og þjálfu.

Helga Fjölfnir: úrvarls og ekki úrvals, hvað gerist hjá einstaklingum sem falla niður í B lið. Hefur það verið rannsakað?

Bergþóra: Hefur ekki verið rannsakað. Mikilvægt fyrir félögin að fylgjast með þessu og svara. Með fleiri svörum hægt að gera betur.

Þorbörg FSÍ: er eitthvað í rannsókn sem segir hvað er almenn og hvað er sérhæfð þjálfun? Er þetta skilgreint. Hversu mikil ákefð í hvoru fyrir sig.

Bergþóra: nei ekki talað um það í skýrslunni. En vinnuhópurinn vill skoða það hjá stærstu félögunum hér. Hvað er að nýtast vel og getum við nýtt þeirra reynslu.

Guðjón Gróttu: Hefur verið mikið rætt um sund og frjálsar eftir OL. Eru hinar þjóðirnar að gera annað til að fá betri árangur?



Bergþóra: stærri iðkenda fjöldi og því meira kerfi á norðurlöndunum í sérhæfingum. Vinnuhópurinn skoðaði þessi kerfi en hefur ekki verið komið nógu langt að skoða kerfin og bera saman á Íslandi.

Þorgbjörg FSÍ: olymíusambönd á norðurlöndunum eru miklu sterkari. Halda betur utan um íþróttafólkinu, styrktar og rehab þjálfun á þeirra vegum sem heldur utan um allt. Hér eru sersamböndin að reyna að vinna þessa vinnu en ná nægilega kannski utan um það.

Helga Fjöllnir: erlendis er tekið inni þetta skólagönguna? Erfitt að toppa 18 ára á Íslandi og vera í framhaldsskóla?

Bergþóra: hefur verið gagnrýnt á Íslandi, þeir sem vilja vera afreksmenn þurfa að draga námið sitt í 4 ár til að geta sinnt betur íþróttinni. Þarf að skoða betur á Íslandi.

Olga Gerpla: Dugir ekki að lengja menntaskólana. Húsin okkar eru full og við náum ekki að bæta. Einstaklingarnir eru að berjast um pláss í salnum og vinna þá ekki eins og afreksmenn. Þyrftu að ná að æfa á morgnanna.

Arnar formaður: frábær vinna verið unnin hjá vinnuhópnum þar sem við getum unnið og ákvarðað eftir gögnum og mun hjálpa í framtíðinni. Æfingaaðstöðu fyrir landslið til að bæta þetta ætti að vera markmið sambandsins. Hefur verið gert í löndunum í kringum okkur.

Olga gerpla: hve mörg prósent svörðu

Sólveig: veit ekki alveg nákvæmlega hvað voru margir sem fengu póstinn. Ekki öll félögin sem sendu út. En hjá þeim félögum sem sendu út var gott svarhlutfall. Betra ferli næst – byrjenda erfiðleikar.

Arnar: góðir punktar. Mikilvægt að vinna úr þessum gögnum. Eigum ekki að vera hrædd við að fá svörin, félögin.

Sólveig: sum félög höfðu ekki haldið nógu vel utan um þetta – voru ekki endilega hrædd við svörin.

Bergþóra þakkar fyrir sig.

8. Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

8.1 Reikningar bornir undir atkvæði

Þing samþykkir reikninga með öllum greiddum atkvæðum.

Skýrsla stjórnar samþykkt:

Samþykkt samhljóða.

Reikningar samþykktir:

Samþykkt samhljóða.



9. Kosning formanna starfsnefnda þingsins.

9.1 Þingforseti lagði fram tillögu um formenn starfsnefnda þingsins.

Kosning formanna starfsnefnda þingsins:

Lagt er til að eftirfarandi verði útfærsla á starfsnefndum þingsins í ár vegna aðstæðna:

- Þingforseti stýri nefndarstarfi

Tillaga samþykkt.

10. Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Fjárhagsáætlun vísað til nefndar. Þingskjal 1

11. Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun næsta starfsárs.

Starfsáætlun vísað til nefndar. Þingskjal 2

12.

Þingforseti, leggur fram erindi frá starfshópi um koparleyfi krílahópa.

Þingskj	5	Tillaga frá starfshópi um koparleyfi krílahópa	
---------	---	--	--

13. Starfsnefnd þingsins tekur til starfa

14. Þingforseti gerir grein fyrir störfum nefnda og málefni borin undir atkvæði.

Fjárhagsnefnd:

Þingskjal nr. 1

Eva Hrund Gunnarsdóttir gerði grein fyrir þingskjali 1. Fjárhagsáætlun má finna í viðhengi 1.

Eva Hrund Gunnarsdóttir, fjármálastjóri fer yfir tillöguna.



Á fimleikabingi 2020 var fjárhagsáætlun 2020-2021 samþykkt. Ákveðið var að leggja fram endurskoðaða áætlun 2021 í ár þar sem að verkefni og fjárhagur Fimleikasambandsins (hér eftir FSÍ) breyttist töluvert eftir að Covid herjaði á heiminn. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir tæplega 12 milljóna króna tapi á þessu ári vegna breytinga á bókfærslu leyfisgjalda, sem ég mun fara nánar út í á eftir, en ef sú breyting færi ekki í gegn þá má áætla að rekstrarafgangur yrði um 2 milljónir. Áætlaður rekstrarafgangur 2022 er upp á tæpa milljón.

Líkt og kom fram áðan varðandi ársreikninginn þá var settur fram ársreikningur samsteypu, vegna þessa er einnig gerð fjárhagsáætlun samsteypunnar og þar af leiðandi breytist áætlun á fyrirtækið í endurskoðaðri áætlun.

Við leggjum upp með að fá sambærilega styrki og á fyrri árum frá ÍSÍ og Lottó og með það að leiðarljósi áætlum við kostnað af afrekssviði. Því er ljóst að ef styrkveiting verður ekki með sama hætti þá þarf að draga úr kostnaði afrekssviðs á móti. Úthlutun frá Afrekssjóði er 56.050.000 kr. árið 2021 og því hækkar þessi liður í endurskoðaðri áætlun. Við gerum einnig ráð fyrir því að fá álíka styrk á næsta ári þar sem að erlend verkefni árið 2022 verða sambærileg árinu í ár, ef ekki fleiri.

Þar sem að ekki var farið í eins mörg verkefni og samþykkt áætlun gerði ráð fyrir var dregið úr tekjum frá samstarfsaðilum í endurskoðaðri áætlun.

FSÍ sótti um styrk frá Vinnumálastofnun vegna launagreiðslna starfsmanna og verktakagreiðslna til landsliðsþjálfara og annarra verktaka í gegnum úrræðið „Endurgreiðslur til íþróttafélaga“. Áætlað er að

FSÍ fái rúmar 9 milljónir endurgreiddar frá Vinnumálastofnun í gegnum þetta úrræði.

Einnig er áætlað að styrkveiting frá samstarfsaðilum verði ekki jafn mikil og áætlað var fyrir 2021 þar sem að styrkveiting hefur m.a. verið í formi fatnaðar fyrir afrekssvið og þar sem að ekki verður farið í jafn mörg erlend verkefni og lagt var upp með verður styrkveiting í þessu formi lægri en á fyrri árum.

Áætlað er að rekstrargjöld hækki töluvert á milli ára og frá samþykktari áætlun. Áætluð hækkun stafar að megninu til vegna hækkunar á launum og launatengdum gjöldum þar sem að stöðugildum hefur fjölgað töluvert innan FSÍ vegna umfangs verkefna sem og vegna kjarasamninga. Síðustu tvö ár hafa þó verið rekin með álíka launakostnaði þó sá kostnaður komi ekki fram í ársreikningum FSÍ, þar sem að hluti launakostnaðar var innheimtur til Fimleika Events ehf. og tilheyrir ársreikningi þess síðustu 2 árin.

Annar kostnaður er áætluð þjónustu- og bankagjöld ásamt endurgreiðslu miða til þriggja félaga vegna EM í hóp fimleikum, en tekjur í öðrum erlendum tekjum vegur á móti þessum kostnaði, sem ég mun fara út í á næstu glærum.

Gert er ráð fyrir að þátttaka í mótum árið 2021 verði dræmari en árið 2019 sökum Covid og því eru áætlaðar tekjur aðeins lægri en fyrri ár.

Áætluð gjöld eru þó aðeins hærri en undanfarin ár og er það vegna þess að þó svo að þátttaka verði minni þá þarf engu að síður álíka mörg dómaragildi; félög sem eru með mikinn keppendafjölda eru að halda mót sem þýðir að afsláttur mótshaldara af mótagjöldum er hærri; verðlaunakostnaður lækkar

ekki þó færri keppi; o.s.frv. Jafnframt tók FSÍ þá ákvörðun að draga verðlaunakostnað ekki frá uppgjöri móta til félaga á meðan samkomutakmarkanir gilda á áhorfendasvæðum.

Einnig eru áætluð kaup á streymi A móta á meðan samkomutakmarkanir eru í gildi.

Á árinu 2022 er áætluð Íslandsmótaröð í Laugardalshöll sem þýðir að við þurfum að greiða húsaleigu, sem annars væri styrkt af félögunum, flutningskostnað o.fl. sem eykur við gjöldin það árið.

Í samþykktri áætlun var gert ráð fyrir fleiri erlendum verkefnum og þar af leiðandi meiri tekjum vegna alþjóðlegra móta og sýninga. Einnig hefur FSÍ hefur sett sér það markmið að niðurgreiða ferðir afreksfólks að mestu sem er skýring á lækkandi tekjum í liðunum „Áhaldafimleikar“ og „Hópfimleikar“.

Á árinu 2022 er áætlað að fara bæði á Eurogym sem verður haldið í Sviss sem og á Golden Age í Portúgal sem útskýrir áætlun upp á tæpar 72 milljónir í tekjuliðnum „Fimleikar fyrir alla“.

Árin 2021 og 2022 verða kostnaðarsöm ár þar sem að EM í hópfimleikum féll niður árið 2020 og mun því fara fram tvö ár í röð, árið 2021 og 2022. Sökum Covid hækkar allur kostnaður frá því sem áður hefur verið vegna sóttvarnaraðgerða og eru ástæðurnar t.d. þær að:

- Ferðakostnaður hækkar þar sem að leigubílar hafa verið eini samþykkti ferðamátinn og þeir eru sótthreinsaðir á milli ferða og innheimta því meira.
- Hótelkostnaður hækkar þar sem að mótshaldarar setja álag á herbergin þar sem að þau eru sótthreinsuð. Oft hefur FSÍ bókað gistingu í gegnum hótelin sjálf en ekki í gegnum mótshaldara en það er ekki í boði í núverandi árferði.
- Sjúkrakostnaður hækkar töluvert vegna PCR prófa sem framkvæmd eru á hverjum degi á mótssstað sem og vegna grímukaupa o.fl.

Eins og fram kemur í samþykktum ársreikningi 2020 þá verður rekstrarafgangi, sem nemur rúmum 20 milljónum, eyrnamerkur afreksstarfi sambandsins næstu 2 árin.

Á árinu 2021 er áætluð innleiðing á nýju fræðslukerfi og er því áætlaðar auknar tekjur á fræðslusviði sem og gjöldum.

Aðrar tekjur að upphæð 5 milljónir er frátekinn rekstrarafgangur frá fyrri árum sem átti að fara í innleiðingu á nýju fræðslukerfi, þessi liður hefur komið fram á efnahagsreikningum FSÍ undir liðnum „Ógreiddur kostnaður“. Áætlað er að nýta hann á árinu 2021.

Áætlaður kostnaður hækkar töluvert hvað varðar tækjaleigu/hugbúnað, kennslu og námsefnisgerð, rötin liggur í innleiðingu fræðslukerfisins. Áætlað er að nota Canvas kerfið fyrir nýja fræðslukerfið og kostar það kerfi 3.000 kr. á hvern notanda. Gert er ráð fyrir 200 notendum árið 2021 sem vonandi hækkar ári seinna upp í 300.

Námsefnisgerð er eitthvað sem lítið hefur verið um síðustu árin en allt fræðsluefni verður endurnýjað næstu árin og má því áætla að sá kostnaður verði yfir 5 milljónir árið 2021 og 1 milljón á árinu 2022.

Hækkaður kostnaður launa við kennslu er í samræmi við aukningu á tekjum á þessu sviði.



Frá því að leyfiskerfið var tekið upp hafa félög skilað inn leyfum fyrir iðkendur og þjálfara í upphafi haustannar og hefur FSÍ innheimt ársgjald fyrir hvert leyfi. Félögum hefur svo staðið til boða að dreifa greiðslunni á tvo gjalddaga, þ.e. í lok haustannar og í upphafi næsta árs. Þetta fyrirkomulag hefur haft þær afleiðingar að útistandandi viðskiptakröfur í loks árs hafa verið frekar háar hvað varðar aðildarfélög sem og útistandandi skuldir aðildarfélaganna á þeirra reikningum. Jafnframt hafa iðkandaleyfin sjálf ekki verið fullkomlega rétt þar sem að breytingar verða oft á iðkandaleyfum á vorönn. Því höfum við ákveðið að bókfæra leyfisgjöld í lok haustannar og svo aftur í lok vorannar, sem þýðir að félögin skila inn leyfum fyrir iðkendur haustannar og svo aftur fyrir iðkendum vorannar. Með þessu móti verða leyfin ávallt rétt sem og að efnahagsreikningur FSÍ og aðildarfélaganna verður raunhæfari.

Vegna þessarar breytingar verður starfssemi FSÍ í tapi árið 2021 þar sem að einungis er bókaður reikningur fyrir helmingi leyfisgjalda það árið í stað fullra leyfisgjalda líkt og áður hefur verið.

Einnig er áætlað að breyting verði á koparleyfisgjöldum, áætlað er að gjald barna sem eru í krílahópum, þ.e. börn 4 ára og yngri greiði 800 kr. á önn í stað 1.200 kr., líkt og tillaga starfshóps um koparleyfi krílahópa gengur út á. Skv. Tillögunni er jafnframt búið að bæta við ákveðnum fjölda leyfa vegna námskeiða sem haldin eru í 7 vikur eða lengur að upphæð 800 kr. önnina, skv. sömu tillögu.

Áætluð er hækkun á þjálfaraleyfisgjaldi í kjölfar innleiðingar nýs fræðslukerfis þar sem þjónusta við þjálfara verður enn meiri og gjald á þjálfaranámsámskeið hlutfallslega minna.

Liðurinn „Aðrar tekjur“ að upphæð 600 þúsund eru hugsaðar fyrir þeim tekjum sem við innheimtum fyrir bókfærðan kostnað sem tilheyrir ekki FSÍ. „Aðrar tekjur erlendar“ er endurgreiðsla miða á EM í hóp fimleikum sem átti að fara fram árið 2020 en var frestað til 2021.

Í samþykktari fjárhagsáætlun 2020-2021 eru tekjur og gjöld vegna fyrirtækisins áætluð rúmar 28 milljónir sökum þess að tekjur og gjöld af Eurogym, sem var fært til ársins 2021, áttu að streyma inn í FSÍ og aftur út í fyrirtækið, þar sem að Eurogym átti að vera rekið á kennitölu fyrirtækisins Fimleikar Events ehf. Eurogym féll hinsvegar niður og er því ljóst að hvorki munu koma inn tekjur né kostnaður af þeim viðburði á árinu 2021.

Hinsvegar er áætlað að það verði tekjur af Norðurlandamóti í áhaldafimleikum árið 2022 og kostnaður á móti og verður sá viðburður rekinn á kennitölu fyrirtækisins.

Endurskoðuð fjárhagsætlun fyrir 2021

Umræður: enginn kvað sér hljóðs

Þeir sem samþykkja tillöguna eins og hún stendur:

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Fjárhagsætlun fyrir 2022



Þeir sem samþykkja tillöguna eins og hún stendur:

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2

Sólveig Jónsdóttir gerði grein fyrir tillögunni.

Starfsáætlun fyrir 2021-2022.

Umræður í nefnd:

Enginn kveður sér hljóðs.

Umræðum lokið

Þeir sem samþykkja tillöguna eins og hún stendur:

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5

Sólveig gerði grein fyrir tillögunni.

Tillaga frá vinnuhópi um koparleyfi krílahópa. Stofnað í kjölfar fimleikapingis 2020.

Umræður í nefnd:

Engin kveður sér hljóðs og umræðum lokið.

Þeir sem samþykkja tillöguna eins og hún stendur:

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

15. Kosningar

15.1 Kosning stjórnar

Kosið um nýjan formann FSÍ.

Kristinn Arason býður sig fram.

Kosinn samhljóða og átakalaust.

Þrír sem bjóða sig fram til stjórnar FSÍ til tveggja ára.

- Axel Þór Eysteinnsson
- Halldóra S. Guðvarðardóttir



- Magnús Heimir Jónasson

Kjörin samhljóða?

Framboð til stjórnar FSÍ til eins árs:

Óskað eftir framboði úr sal. Sigurbjörg Fjölnisdóttir þingforseti býður sig fram til eins árs.

Kjörin.

Tveir í framboði til varastjórnar til eins árs.

- Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir
- [Guðbjörg Snorradóttir, sem hafði verið í stjórn, bauð sig svo fram til varastjórnar].

Jarprúður kjörin.

15.2 Aðrar kosningar

- a)** *Val fulltrúa á Íþróttaping*
Vísað til stjórnar – Samþykkt
- b)** *Skoðunarmenn reikninga*
Jochum Marth Ulriksson
Hafsteinn Þórðarson
Kjörnir til eins árs.
- c)** *Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd.*
Vísað til stjórnar - Samþykkt

16 Önnur mál

Olga Gerpla: Erfitt að lána húsin fyrir landslið. Gengur illa að komast inn í hús félaga þeirra sem ekki eiga iðkendur í landsliðum. Lendir mikið á sömu félögum.

Kristinn, nýr formaður FSÍ: hefur verið vandamál lengi að komast fyrir í húsunum. Við erum öll FSÍ og eigum að vinna í þessu saman. Gengur ekki upp að það lendi mikið á sömu félögum.

Olga: Gengur það að sömu félögin beri alltaf uppi kostnaðinn við að halda uppi landsliðsæfingum

Sólveig: hefur verið erfitt, búum við þær aðstæður að húsin eru smekkkfull og erfitt að komast að. Við rúllum ekki landsliðum ef við hjálpumst ekki að. Sjáum hér að okkur vantar Fimleikasambandshús fyrir þessi verkefni. Vantar fjármagn fyrir það verkefni

Olga: Þarf þá ekki bara að breyta um stefnu. Gera eins og á norðurlöndunum. Dansa saman 2x í mánuði en stökkva í sínum félögum og mæta svo á mót.

Sólveig: en er það þá ekki á kostnað nándarinnar sem við getum nýtt okkur?

Olga: en er það advantage að vera nán ef þetta er galli á móti?



Þorbjörg: væri hægt að koma þessu í ferli fyrir seinkað þing í nóvember? Tekur undir með Olgu. Sem starfmaður þarf að vera að redda húsum og þetta er erfitt og eykst ár frá ári, erum að stækka og stærri verkefni. Það þurfa allir að æfa sig og erfitt að komast í húsin. Erfitt fyrir fræðslukerfið líka að halda námskeið í húsunum en takmarkaður tími og pláss fyrir þessa starfsemi.

Olga: Fær símtöl frá mörgum starfsmönnum FSÍ á sama degi um lán á húsi. Fer tími starfsmanna félaganna í að redda landsliðunum.

Laufey frá Fimak: fyrirkomulagið gerir líka iðkendum utan að landi gerir erfiðara fyrir að taka þátt í landsliðum. Erfitt að þurfa að koma sér til reykjavíkur aftur og aftur

Sigga Selfoss: vandamál fyrir minni félögin þegar landsliðin eru svona. Ef ekki er mikil breidd þá er erfitt að halda úti æfingum fyrir þá sem eftir eru.

Unnur Stjarnr: líka erfitt fyrir stóru félögin. Fáir eftir og landsliðsþjálfarar frá félagsliðum sínum. Mikið álag að vera í þessum landsliðsverkefnum

Unnur: erfiðir þessir 2 mánuði sem þau eru að æfa bara með landsliði.

Sólveig: erfitt með tíma að hittast alltaf bara um helgar.

Sigrún akranes: er með 3 landsliðshelgar í sumarfríinu. Sveitarfélagið á húsið og fimleikafélagið fær ekki að ákveða þetta eitt og sér. Hefur gert mikið í samvinnu við skrifstofu. Húsið er lokað á sunnudögum því sveitarfélagið greiðir ekki starfmanni.

Ólöf Gróttá: sama hér. HSÍ greiðir fyrir að vera í salnum utan opnunartíma en FSÍ gerir það ekki.

Mosfellsbær: sama, lokað á sunnudögum því sveitarfélagið greiðir ekki laun.

Sólveig: komið að því að stofna vinnuhópum þetta.

Helga Fjölni: allir að tala um þetta. Verið að leigja út salinn á laugardögum til að afla tekna. Ef hvert félag greiðir t.d. 1000 kr.

Olga: hvaðan á að taka þann pening?

Sólveig: þurfum að stofna hóp utan um þennan málaflokk.

Sigurbjörg forseti: takk fyrir þessa góðu umræðu.

Ingibjörg stjórnunni: líka erfitt fyrir bæjarfélögin. Væri hægt að senda bréf frá FSÍ inná sveitarfélögin til að hafa stuðniginn.

Eygerður afturelding: sveitarfélagið færi aldrei að greiða starfsmanni fyrir fimleikafélagið.

Sólveig opnar á annað mál: Tímamót þegar Arnar hættir sem formaður eftir 7 ára setu formanns. Þakkar honum fyrir vel unnin störf og starfsmenn skrifstofu færa honum gjöf.



Arnar þakkar fyrir sig.

Guðbjörg hættir störfum fyrir sambandið og fær afhendan blómvönd frá Sólveigu fyrir hönd sambandsins sem þakklætisvott fyrir störf sín.

Umræðum lokið.

Þingforseti þakkar fyrir sig og traustið sem honum var sýnt.

Sólveig, FSÍ þakkar öllum fyrir að láta sig málefni sambandsins varða, við erum öll FSÍ og saman getum við einungis orðið betri.

17 Ávarp formanns

Nýr formaður, Kristinn Arason, þakkar fyrir traustið og kjörið. Vill leggja áherslu á upplifum iðkenda og félagsmanna sambandsins. Viljum að iðkendurnir upplifi okkur félagsmennina betur. Hlakkar til að samstarfsins að því sögðu þakkar hann þingforseta góð störf á Fimleikaþingi 2021.

Frestar þinginu fram til nóvember og þakkar fyrir í dag.

18 Þingslit

Þingi er frestað kl 14:23



Viðhengi 1 - Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2021 - 2022

	Skýr.	Áætlun 2022	Endursk. Áætl. 2021	Áætlun 2021	Raun	
					2020	2019
Rekstrartekjur:						
Styrkir og framlög	1	93.278.285	102.921.890	92.999.589	81.985.671	76.647.921
Innlend mót og sýningar	2	41.228.920	38.550.400	42.093.000	11.491.595	40.242.208
Alþjóðleg mót og sýningar	3	158.856.750	76.824.327	111.983.000	17.508.000	49.358.990
Námskeið og fræðsluefni	4	17.525.950	20.739.000	16.035.000	8.608.500	9.334.500
Leyfiskerfi	5	29.195.250	13.715.000	26.712.000	23.882.850	24.880.800
Aðrar tekjur	6	645.750	3.033.640	2.643.250	989.571	1.397.285
Fimleika events ehf.		7.963.573	0	28.050.000	12.479.418	39.812.266
Rekstrartekjur samtals		348.694.477	255.784.257	320.515.839	156.945.605	241.673.970
Rekstrargjöld:						
Rekstrargjöld	7	69.825.474	76.918.094	61.249.649	50.168.727	56.614.986
Innlend mót og sýningar	8	34.877.358	32.299.722	35.345.033	7.567.819	30.854.069
Alþjóðleg mót og sýningar	9	223.205.274	141.845.818	172.983.700	45.512.209	95.796.516
Námskeið og fræðsluefni	10	13.763.113	17.716.550	14.529.937	5.806.390	6.588.935
Leyfiskerfi		0	0	0	3.031.200	0
Önnur gjöld		0	0	600.000	0	323.481
Afskriftir		0	0	500.000	1.397.923	4.569.556
Fimleika events ehf.		7.200.000	0	28.050.000	23.325.849	36.787.530
Rekstrargjöld samtals	0	348.871.218	268.780.184	313.258.319	136.810.117	231.535.073
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		(176.741)	(12.995.927)	7.257.520	20.135.488	10.138.897
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur		210.000	200.000	315.000	66.467	169.664
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(105.000)	(100.000)	(315.000)	(1.592.912)	(288.024)
Gengismunur		1.050.000	1.000.000		1.673.414	
Hreinar fjármunatekjur		1.155.000	1.100.000	0	146.969	(118.360)
Afkoma fyrir óreglulega liði		978.259	(11.895.927)	7.257.520	20.282.457	10.020.537
Hagnaður ársins		978.259	(11.895.927)	7.257.520	20.282.457	10.020.537



Viðhengi 2 - Þingskjal nr. 2

2021			
Sep	Sep	Heimsbikarmót	Szombathely, Ungverjaland
Sept	Sept	Heimsbikarmót	París, Frakkland
Nóv	Nóv	NEM í áhaldafimleikum	Wales
10.okt	24.okt	HM í áhaldafimleikum	Japan
Okt	Nóv	Norðurlandamót unglunga í áhaldafimleikum	Finnland/rafrænt
Nóv	Nóv	Heimsbikarmót	Cottbus, Þýskaland
Nóv	Nóv	TopGym	Brussel, Belgíu
Nóv	Nóv	FIG Þing	Tyrkland
1.des	4.des	Evrópumót í hópfimleikum	Portúgal

2022			
Feb	Feb	Heimsbikarmót fullorðinna	Melbourne, Ástralía
Mar	Mar	Heimsbikarmót fullorðinna	Baku, Azerbaidjan
Apr	Apr	Berlin Cup	Berlín, Þýskaland
Apr	Apr	Norðurlandamót unglunga í hópfimleikum	Rannars, Danmörk
Mai	Mai	Norænn formanna- og framkvæmdastjórafundur	Svíþjóð
Jún	Jún	Heimsbikarmót fullorðinna	Koper, Slóvenía
Jún	Jún	Fit Challenge	Flanders, Belgía
Júl	Júl	Norðurlandamót í áhaldafimleikum	Reykjavík, Ísland
Júl	Júl	EYOF	Banska Bystrica, Slóvakía
Júl	Júl	Eurogym	Neuchatel, Sviss
Ágú	Ágú	Evrópumót í áhaldafimleikum	Munich, Þýskaland
Sep	Sep	Heimsbikarmót fullorðinna	Szombathely, Ungverjaland
Sep	Sep	Heimsbikarmót fullorðinna	París, Frakkland
Okt	Okt	NEM í áhaldafimleikum	Finnland
Okt	Okt	Evrópumót í hópfimleikum	Luxembourg, Luxembourg
Okt	Okt	Golden Age	Madeira, Portúgal
Nóv	Nóv	Heimsmeistaramót í áhaldafimleikum	Liverpool, England
Nóv	Nóv	Elite Gym Massilia	Marseille, Frakkland
Nóv	Nóv	Heimsbikarmót fullorðinna	Cottbus, Þýskaland
Nóv	Nóv	Þing Evrópska Fimleikasambandsins	Portúgal